

1810247 - Hjólreiðasamgöngur í Árborg til framtíðar

Jóna Sólveig Elínardóttir, nefndarmaður Á lista, lagði fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð um bættar hjólreiðasamgöngur í Árborg til framtíðar:

Hjólreiðasamgöngur í Árborg til framtíðar

Sveitarfélagið Árborg býður upp á kjöraðstæður til öflugra hjólreiðasamgangna enda flatlent sveitarfélag með eindæmum og breiðar götur víða sem bjóða upp á hagkvæma möguleika til að gera viðeigandi breytingar. Því er lagt til að hjólreiðar verði skilgreindar og skipulagðar sem hluti af samgöngukerfi sveitarfélagsins. Í því felst að skipulag, allar framkvæmdir og gatnagerð taki mið af því frá og með þessu kjörtímabili. Með þetta að markmiði er lagt til að:

Skipaður verði stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta skammtíma og langtíma stefnu um samþættingu hjólreiða sem hluta af samgöngukerfi Árborgar. Stýrihópurinn hafi samráð við helstu hagaðila (fagnefndir, -stofnanir og -ráð, hverfisráð, ungmennaráð, viðeigandi félagasamtök o.s.frv.). Lagt er til að starfshópurinn skili af sér eigi síðar en sex mánuðum frá móttöku erindisbréfs. Stefnan verði tekin til umfjöllunar í bæjarstjórn og viðeigandi fagnefndum sveitarfélagsins og í kjölfarið send út í opið umsagnarferli. Lagt er til að því ferli ljúki innan 6 vikna.

Fagnefndir fái málið aftur til umsagnar og leggi til breytingar ef þurfa þykir. Í kjölfarið taki bæjarstjórn málið í lokaafgreiðslu.

?Sett verði upp aðgerðaráætlun um hvernig hrinda skuli samþykktari stefnu í framkvæmd til skemmri og lengri tíma.

Greinargerð

Fjölbreyttari, betri og öruggari samgöngumöguleikar

Í samkeppni um fólk og fyrirtæki geta góðir, fjölbreyttir samgöngumöguleikar og góð aðstaða til útivistar verið liðir í því að auka aðdráttarafl sveitarfélagsins enn frekar. Auk þess skapar vel skilgreint og skipulagt aðgengi fyrir hjólreiðafólk nýja hvata fyrir íbúa til að velja, í auknum mæli, hjólreiðar sem samgöngumáta innan sveitarfélagsins. Með vel skipulögðu hjólreiðastígakerfi verða hjólreiðar að öruggum ferðakosti sem aftur eykur lífsgæði gangandi, hjólandi eða akandi íbúa á öllum aldri.

Aukið umferðaröryggi fyrir alla

Bættar hjólreiðasamgöngur auka öryggi gangandi vegfarenda og reiðhjólafólks á ferðum þeirra um sveitarfélagið auk þess sem ökumenn njóta líka góðs af skýrari reglum og mögulega minni bílaumferð en ella væri. Í ört vaxandi sveitarfélagi eins og Árborg skiptir slíkt miklu máli þar sem auknum íbúafjölda fylgir óumflýjanlega aukin umferð. Við slíkar aðstæður þarf að gera langtíma ráðstafanir til að hámarka umferðaröryggi til framtíðar. Góðar aðstæður til hjólreiða eru liður í því.

Lýðheilsa og aðgengi

Með því að bjóða íbúum upp á öruggari, umhverfisvænni og þar með betri möguleika til að velja hjólreiðar sem samgöngumáta eflum við lýðheilsu innan sveitarfélagsins. Slíkt eykur almenn lífsgæði auk þess sem afleidd áhrif gætu falið í sér samdrátt í kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Samhliða því sem ráðist væri í framkvæmdir til að bæta samgönguskilyrði fyrir hjólreiðafólk gæti verið hagkvæmt að huga að aðgengi fyrir þá sem þurfa að styðjast við hjólastóla eða eiga að öðru leyti erfitt um gang.

Umhverfið

Hjólreiðar eru umhverfisvænn samgöngukostur. Með því að vinna markvisst að því að bæta aðgengi hjólreiðafólks í Árborg er dregið úr bæði loft- og hljóðmengun. Þetta skiptir miklu máli í ört vaxandi sveitarfélagi eins og Árborg og getur skipt enn meira máli þegar fram í sækir ef að því kemur að sveitarfélög þurfi að axla aukna ábyrgð á því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hagkvæmar samgöngur og tækifæri

Með auknum umferðarþunga, sem fylgir íbúafjölgun og aukinni umferð ferðamanna, eykst allur kostnaður við gatnagerð. Með því að skapa aðstæður fyrir fólk sem gera hjólreiðar að aðlaðandi samgöngukosti má draga úr þeim kostnaði. Einnig má leiða að því líkur að auknar hjólreiðasamgöngur skapi tækifæri fyrir áhugasama aðila að byggja upp þjónustu í kringum það.

Íþróttabærinn Selfoss

Selfoss hefur skapað sér orðspor sem bær sem elur af sér öflugt íþróttafólk. Að skipuleggja og bæta samgöngur í sveitarfélaginu með þeim hætti að þær styðji við heilsusamlegan lífstíl og bæti aðstöðu fyrir göngu-, hlaupa- og hjólreiðafólk, eflir enn frekar þá ímynd.

Góðar umræður um tillöguna og allir nefndarmenn sammála um mikilvægi þess að gera hjóla-, göngu- og reiðstígum hátt undir höfði. Lagt til við bægarráð að áðurnefndur stýrihópur verði stofnaður til að móta skammtíma- og langtímastefnu um samþættingu hjólreiða sem hluta af samgöngukerfi Árborgar ásamt því að skoða skipulag göngu- og reiðstíga í sveitarfélaginu til að þessir þættir vinni vel saman. Vinna stýrihópsins ætti að nýtast í fyrirhugaða endurskoðun á aðalskipulagi. Samþykkt samhljóða